

— Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurum- 164
dæminu um breyting á 2 umboðum. — Samkvæmt tillögum amtmanns samþykkti 28. júlí.
landshöfðingi með þessu brjefi, að þessar jarðir í Þingeyjarsýslu: $\frac{1}{2}$ Brettingsstaðir,
Uppibær, Skuggabjörg og Keflavík, er hingað til hafa legið undir Möðruvallaklausturs-
umboð, skuli frá 1. jan. 1883 að telja leggjast undir Munkaþverárklaustursumboð, og að
frá sama tíma skuli aptur eptirnefndar jarðir í Grímsey: Básar, Syðri Grenivík og
Neðri Saudavík, er hingað til hafa legið undir Munkaþverárklaustursumboð, leggjast
undir Möðruvallaklaustursumboð.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 165
endurskoðun á jarðamatinu. — Í brjefi frá 4. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður spurt, 28. júlí.
hverja aðferð skuli við hafa, ef einhver hreppsnefnd skyldi skorast undan eða vanrækja
að framkvæma í tíma þau störf með tilliti til endurskoðunar á jarðamatinu frá 1861, sem
getur um í brjefi ráðgjafans frá 28. febr. þ. á. og umburðarbrjefi mínu frá 1. apríl s. á.
(stjórnartíðindi þ. á. B. 52. og 53).

Þegar slíkt kemur fyrir verður, fyrst samkvæmt 38. grein sveitastjórnartilskipun-
arinnar frá 4. maí 1872 spurning um sektaábyrgð fyrir oddvita hreppsnefndarinnar og
aðra hreppsnefndarmenn, en þar að auki verð jeg að leiða athygli yðar að því, að ekki
megi draga endurskoðunina á jarðamatinu í heild sinni sökum slíkrar undanfærslu.

Að vísu er ekkert á móti því, að sýslunefndirnar veiti einstökum hreppsnefndum
nokkra lengingu á fresti þeim, er tiltekinn er með 1. grein umburðarbrjefs míns frá 1.
apríl þ. á., ef slíkur frestur kemur eigi í bága við störf þau, er ætluð eru sýslunefndun-
um sjálfum; en sýslunefndirnar mega ekki láta það bregðast að afgreiða sjálfar jarðamat-
ið með póstum þeim, er eiga að koma hingað í nóvembermánuði, og geta hreppsnefndir
þær, er vanrækja það, sem fyrir þær hefir verið lagt, kennt sjálfum sjer um það, ef þær
fá ekki þátt þann í endurskoðun jarðamatsins, sem þeim hefir verið ætlaður, og verður
sýslunefndin með tilliti til slíkra hreppa að ganga út frá því, að hreppsnefndin hafi ekki
álitnið það nauðsynlegt eða æskilegt, að jarðamatið yrði lækkað hvorki fyrir hreppinn í
heild sinni nje að því er snertir hinar einstöku jarðir í hreppnum, og hinsvegar myndi
setta sig við hækkun þá á jarðamatinu fyrir hreppinn í heild sinni, sem sýslunefndin
kynni að ætla æskilega.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 166
flutning á síldarveiðiahöldum í utanríkisskipum. — Út af fyrirspurn þeirri frá sýslu- 28. júlí.
manninum í Norðurmúlasýslu, er jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmað-
ur, 4. þ. m. vil jeg tjá yður, að jeg er yður samdóma um, að innlendir síldarveidamenn
megi nota norsk eða önnur utanríkisskip til að flytja hafna á milli vistir og annað, er
heyri til síldarafla, sbr. 4. grein laga 7. nóvbr. 1879 (A. 28) og ráðgjafabrjef frá 20.
nóvbr. 1879 (stjórnartíðindi 1880 B 33) um að nota utanríkisskip til vöruflutninga.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 167
landamerki þjóðjarða. — Út af fyrirspurn frá umboðsmanni stærri og minni 28. júlí.
jarða Eyjafjarðarsýslu, um skyldu umboðsmanna til að fylgja fram landamerkjalög-

167 unum frá 17. marz þ. á. (A. 5) og kostnaðar þess, er af því-leiðir, og fylgdi hún þóknanlegu 28. júlí. brjefi yðar, herra amtmaður, frá 5. þ. m., vil jeg til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, tjá yður það, er nú segir :

Það, sem umboðsmenn fyrst verða að sjá um, er, að samin verði nákvæm lýsing á landamerkjum sjerhverrar jarðar. Gjöri jeg ráð fyrir, að leiguliðarnir láti í tje þessar lýsingar, og að umboðsmenn á yfirreiðum sínum skoði landamerkin samkvæmt lýsingunum, beri þær saman við merkjalýsingar nábúajarðanna, og ef þær greinir á, reyni að útkljá ágreininginn. Sje það svo að vafasóm landamerki sjeu milli 2 eða fleiri umboðsjarða, ber umboðsmanni að senda amtmanni báðar merkjalýsingarnar með álitu sínu og þeim skilríkjum, er hver leiguliði um sig þykist geta til færð þeim landamerkjum til stuðnings, er hann fylgir fram, og býst jeg við, að amtmaður þar eptir gjöri út um ágreininginn, ef til vill eptir að hafa leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar um málið. Eigi umboðsmaður sjálfur jörð eða jarðir, sem liggja upp að þjóðjörðum, skal setja mann til, ásamt þjóðjarðalandsetunum, að halda fram gagnvart umboðsmanni rjetti landssjóðsins, að því er landamerkin snertir.

Jeg gjöri ráð fyrir, að landsetum þjóðjarða hafi í byggingarbrjefum sínum verið gjört að skyldu, að halda við með öðrum mannvirkjum á jörðunni glöggum landamerkjum. Þar sem það skyldi þykja nauðsynlegt að gjöra af nýju landamerki, býst jeg við að umboðsmaður, ef slíkt verk er meira en, að leiguliði verði að álitast skyldur að framkvæma það á sinn kostnað, leiti á venjulegan hátt styrks úr landssjóði til verksins.

Jeg er yður, herra amtmaður, samdóma um, að umboðsmenn sjálfir verði að bera kostnað þann, er leiðir af yfirreiðum þeirra, og vona, að kostnaður sá, er landssjóðurinn hefir af framkvæmd landamerkjaganna verði sem minnstur. Skyldi umboðsmaður eða þjer, herra amtmaður, álíta rjett að höfða mál fyrir hönd landssjóðs til að ljúka landamerkjaprætu, sbr. 7. gr. laganna, býst jeg við að fá um það itarlegar tillögur.

168 29. júlí. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um landshlut og fátækrahlut af flutningshval. — Jafnframt brjefi yðar, herra amtmaður, frá 12. þ. m. meðtók jeg fyrirspurn oddvita hreppsnefndarinnar í Svalbardstrandarhreppi, hvort ekki beri samkvæmt 8. og 10. kapítula rekabálks Jónsbókar að greiða landshlut og fátækrahlut af hval, sem ísinn hafði króað inni á Eyjafirði og sem eptir að hafa verið eltur með byssuskotum og skutlum í 5 sólarhringa innanum ísjakana á firðinum tók sunnudagskvöldið 18. f. m. daudateygjurnar á fjörunum undan tjeðum hreppi og síðan var fluttur þar í land. Þar að auki senduð þjer mjer skýrslu Jakobs verzlunarstjóra Havsteens um þessa veiði, er hann veitti forstöðu, og loksins hafið þjer, með því að verzlunarstjóri þessi er bróðir yðar, beiðzt úrskurðar míns um það, hvort lögsækja beri hann og þá, sem með honum voru, fyrir helgidagsbrot.

Að því er nú fyrst snertir hina síðast nefndu spurningu, þá leyfir 2. grein tilskipunar um sunnu- og helgidagahald frá 28. marz 1855 beinlínis veiðimönnum ekki að eins að bjarga veiðiskap sínum á helgidögum, heldur einnig í fiskileysisárum að róa til fiskjar, og með því að ís, þá er sú veiði, er hjer ræðir um, átti sjer stað, bannaði eða hamlaði sjáfarafrafla á Eyjafirði, get jeg ekki fundið ástæðu til að lögsækja veiðimenn þá, er hjer ræðir um fyrir helgibrot, þó það yrði álitid að veiðin hefði farið fram á sunnudegi þeim, er hvalurinn var fluttur í land, og ekki allt eins mikið á næst undan gengnum dögum, meðan veiðimenn vöktu yfir hvalnum og eltu hann.